

Athugasemdir og leiðréttingar við árbók 2020 um Rauðasandshrepp hinn forna

Villur í árbókinni eru tíundaðar hér á eftir. Staðsetning þeirra er gefin með síðunúmeri (S), vinstri (vd) eða hægri dálki (hd) og númeri línu (l) talið að ofan (o) eða neðan (n).

S 97 vd 17. lo: Lilja **Jónsdóttir** í stað Lilju Magnúsdóttur.

S 102 Texti undir neðri mynd: **Stakkafell** gnæfir yfir (en ekki Grænafell).

S 199 Höfundur ljósmyndar mun vera **Eggert H. Kristjánsson**, ekki Ásgeir Erlendsson.

S 206 Efri mynd (**Frá Bjargtöngum að Hrutanefjum**): Örnefnin **Sauðeyingsskúti** og **Stefnishilla** voru ranglega staðsett og ritvilla í heiti **Bugátjarna** (sjá s. 245 í árbók 2021).

S 208 Mynd (**Með Melabjargi að Stóruð**): Þar á að standa Jón **Árnason** í stað Jóns Eggertssonar og örnefnið **Gufur** var ranglegt nefnt Glufur

S 212 hd 6. ln: (1845–**1931**) í stað (1845–1831)

S 212 hd 3. ln: (**f. 1857**) í stað (1865–1897).

S 212 Texti í mynd (**Í Geldings skorardal**): „sjö skipbrotsmanna ...“ verði „**fimm** skipbrotsmanna ...“

S 217 vd 10. ln: Jóhannes Þórðarson er ranglega sagður bóndi í Gröf. Hann var póstur á Rauðasandi og vinnumaður í Saurbæ.

S 217 hd 5. lo: **Stakkahnjótur** í stað Stakkafells.

S 229 4. lo: **Bjarngötudalsá** í stað Bjarnardalsá.

S 230 vd 3. lo: ... Skógará ofan **úr Geldingadal og lækjum** af Sandsheiði, ...

S 230 hd 14. ln: **Geitá** í staðinn fyrir Geitará (sjá leiðrétt kort s. 218 og 233 hér á eftir).

S 230 vd 7. lo: Suðurfossá rennur ekki úr Oddavatni.

S 230 vd 8. lo: Gyltubólsá úr **Oddavatni** (en ekki Gyltubólsvatni, sem er ekki til).


S 232 kort og S 242 vd 18. ln: **Hreggnasi** er bakki innan við Fullsælubás, þar sem sandurinn endar (sjá leiðrétt kort).

Nokkrir uppdrættir, sem hafa verið lagfærðir og endurbættir, eru birtir hér fyrir neðan. Vakin skal sérstök athygli á að göngu- og reiðleiðin af Tunguheiði til Kollsvíkur á uppdrætti á s. 146–147 hefur verið leiðrétt. Leiðin er ekki rétt dregin í bókinni.

S 42–43 **Frá Tálkna að Altarisbergi**




S 98–99 Frá Skápadal að Skalladal



S 146–147 Blakksnes, Kollsvík og Breiðavík



S 218–219 Af Rauðasandi um Skor að Siglunesi



S 232–233 Rauðisandur frá Naustabrekku að Melanesi

